1219. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, mánudaginn 14. nóvember 2022 og hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:
Gylfi Ólafsson formaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður og Jóhann Birkir Helgason áheyrnarfulltrúi.
Embættismenn:
Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2023 - 2022050009

Lögð fram til kynningar uppfærð drög að fjárhagsáætlun 2023-2026, ásamt framkvæmdaáætlun 2023-2033, með þeim breytingum sem samþykktar voru á 501. fundi bæjarstjórnar, þann 3. nóvember 2022.

Jafnframt lagt fram til kynningar minnisblað Eddu Maríu Hagalín, fjármálastjóra, dags. 11. nóvember 2022, til skýringa á breytingum á fjárhagsáætlun eftir fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 08:10

Edda María yfirgaf fund kl. 9:10.

2. Ráðning hafnarstjóra - 2022090142

Lagt fram minnisblað Örnu Láru Jónsdóttur, dags. 11. nóvember 2022, um ráðningu hafnarstjóra, en viðtöl umsækjenda hafa farið fram.

Málinu vísað til bæjarstjórnar, í samræmi við 51. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Gestir

Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri - 09:10

Baldur yfirgaf fund kl. 9:22.

3. Minjasjóður Önundarfjarðar - stjórn - 2022030087

Lagt fram erindi Bryndísar Sigurðardóttur, f.h. Minjasjóðs Önundarfjarðar, dags. 7. nóvember 2022, en óskað er eftir því að Ísafjarðarbær tilnefni stjórnarmann í stað Birgis Gunnarssonar, fv. bæjarstjóra.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að skipa Bernharð Guðmundsson sem stjórnarmann í Minjasjóði Önundarfjarðar í stað Birgis Gunnarssonar, frá 1. janúar 2023.

4. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lögð fram til samþykktar umsögn Örnu Láru Jónsdóttur, bæjarstjóra, vegna máls nr. 208/2022, um breytingar á lögum um Innheimtstofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga).

Bæjarráð samþykkir umsögn Örnu Láru Jónsdóttur, bæjarstjóra, vegna máls nr. 208/2022, um breytingar á lögum um Innheimtstofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga), og felur bæjarstjóra að skila umsögninni inn í samráðsgátt stjórnvalda.

5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lagður fram tölvupóstur Jóhönnu Sigurjónsdóttur, dagsettur 7. nóvember 2022, þar sem vakin er athygli á að innviðaráðuneyti hefur birt áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnarfrestur er til 23. nóvember.

Bæjarráð fagnar áformum um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með þeim markmiðum sem fram koma í greinargerðinni um að styðja betur við bakið á millistórum sveitarfélögum og fjölkjarna sveitarfélögum með flóknar útgjaldaþarfir, auk þess að í regluverki sjóðsins séu innbyggðir hvatar til sameiningar sveitarfélaga.

6. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2022 - 2022010031

Lögð fram tilkynning frá samráðsgátt stjórnvalda, dagsett 10. nóvember 2022, þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 215/2022, reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga. Umsagnarfrestur er til 28. nóvember.

Lagt fram til kynningar.

7. Hverfisráð - fundargerðir 2022 - 2022050143

Lögð fram til kynningar fundargerð hverfisráðsins í Dýrafirði, sem fram fór 26. október 2022.

Lagt fram til kynningar.

8. Fræðslunefnd - 446 - 2211004F

Lögð fram til kynningar fundargerð 446. fundar fræðslunefndar, en fundur var haldinn 10. nóvember 2022.

Fundargerðin er í þremur liðum.

Lagt fram til kynningar.

8.1 2022060054 - verkefnalisti fræðslunefndar 2022-2026

Lagt fram til kynningar.

8.2 2022080078 - Starfsáætlanir og skýrslur leikskóla í Ísafjarðarbæ skólaárið 2022-2023

Lagt fram til kynningar.

8.3 2022100030 - Skólaakstur í Skutulsfirði

Fræðslunefnd leggur til við bæjarráð að lágmarksfjarlægð frá skóla til heimilis barna varðandi rétt til skólaaksturs verði 1,2 km. Samningur Ísafjarðarbæjar um skólaakstur rennur út í júní 2023 og skal hann þá endurskoðaður með tilliti til fjölda barna sem þurfa að nýta sér skólaakstur innan þéttbýlis Ísafjarðarbæjar.

9. Hafnarstjórn - 235 - 2211002F

Lögð fram til kynningar fundargerð 235. fundar hafnarstjórnar, en fundur var haldinn 9. nóvember 2022.

Fundargerðin er í fimm liðum.

Lagt fram til kynningar.

10. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 596 - 2211006F

Lögð fram til kynningar fundargerð 596. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar, en fundur var haldinn 10. nóvember 2022.

Fundargerðin er í 16 liðum.

Lagt fram til kynningar.

10.2 2021110044 - Samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu, stofngjald holræsa og byggingarleyfisgjald í Ísafjarðarbæ

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald vatnsveitu og stofngjald fráveitu, með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum. Nefndin felur starfsmanni að leggja fram greiningu á hlutfalli gatnagerðargjalda í mismunandi sveitarfélögum, og raunkostnaði sveitarfélagsins við gatnagerð.

10.3 2022010144 - Reglur um úthlutun á lóðum fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á reglum um úthlutun lóða fyrir íbúðar-, sumarhúsa- og atvinnuhúsnæði.

10.12 2022110032 - Ósk um deiliskipulagsbreytingu við Mjólkárvirkjun í landi Borgar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila vinnu við deiliskipulagsbreytingu við Mjólkárvirkjun.

10.15 2017100040 - Verndarsvæði í byggð.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu að verndarsvæði í byggð, sem auglýst var.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

Gylfi Ólafsson	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Kristján Þór Kristjánsson	Jóhann Birkir Helgason
Bryndís Ósk Jónsdóttir	Arna Lára Jónsdóttir